

## Niðurstöður Olweusarkönnunar haust 2021

Olweusarkönnunin var lögð fyrir í nóvember og fram í desembermánuð árið 2021 (H2021) Könnunin var lögð fyrir nemendum úr 5.- 10. bekkjum, alls 268 nemendum en svarhlutfall var 95,9%. Á síðasta skólaári var könnunin lögð fyrir í mars (V2021).

### Hvernig líkar þér að vera í skólanum

72,3 % nemenda segist líka vel eða mjög vel í skólanum þetta skólaár (vs. 72,5 V21), 21,5 % nemenda líkar hvorki vel né illa (vs. 21,6% V21) og 6,3 % nemenda líka illa eða mjög illa (vs. 5,9% V21).

### Vinir

Þegar nemendur eru spurðir: Hve marga góða vini/vinkonur áttu í skólanum þínum? Svára svipaður fjöldi stúlkna því að þær eigi einn eða engan vin í skólanum miðað við síðasta skólaár (3,3% H2021 vs 3,6% V2021 (8,8% H2019). Hins vegar eiga **fleiri strákar aðeins einn eða engan vin** miðað við síðasta ár (9,9% H2021 vs 6,8% V2021 (4% H2019).


### Einelti, tíðni

Hve oft hefur þú orðið fyrir einelti í skólanum? (Hlutfall nemenda sem segja tvisvar eða þrisvar í mánuði, einu sinni í viku, oft í viku)

Einelti hefur aukist frá því í mars á síðasta skólaári þegar síðasta mæling var gerð. Er það núna 8,7% en var 5,5%.

Einelti hefur aukist bæði hjá stúlkum og strákum. Hjá stúlkum mælist það 7,4% en var 3,6%. Hjá strákum er það núna 9,9% en var 6,8%.

**Hve oft hefur þú orðið fyrir einelti í skólanum undanfarna mánuði?  
Samantekt yfir tvisvar til þrisvar í mánuði,  
svona einu sinni í viku og oft í viku (%) 5. – 10. bekkir**



**Hvar verða nemendur fyrir stríðni/einelti** (Hlutfall nemenda sem segjast lagðir í einelti bara mjög sjaldan eða oft)

Einelti hefur aukist á flestum svæðum miðað við síðustu mælingu þó síst, í sundi og í búningsklefa/sturtu (þó kynjamunur þar). Nemendur verða helst fyrir einelti á skólalóð, á göngum, í kennslustofu, í matsal og í leikfimissal.

Töluverður kynjamunur er á sumum svæðum þar sem stúlkur verða frekar fyrir einelti en strákar á þremur svæðum eða: Á skólalóð, í matsal, á leið í eða úr skóla. Strákar verða frekar fyrir einelti í búningsklefa/sturtu í leikfimi en stúlkur og annarsstaðar í skólanum.

Nemendur verða helst fyrir einelti á **skólalóðinni** (39,3% H21 vs 37% V21), á **göngunum** (32,8% H21 vs 30% V21), í **kennslustofu**, **kennsla** (26,2% H21 vs 19,6% V21), í **matsalnum** (23% H21 vs 19,6% V21), og í **leikfimissalnum** (16,4% H21 vs 6,5% V21).

Stúlkur verða helst fyrir einelti:

- Á skólalóð 48,1%
- Á göngunum og í matsal 29,6%
- Í kennslustofu 25,9%
- Á leið í eða úr skóla 22,2%

- Kennslustofu ekki kennari, í leikfimissal 14,8%

Strákar verða helst fyrir einelti:

- Á göngunum 35,3%
- Á skólalóð 32,4%
- Í kennslustofu 26,5%
- Í matsal, í leikfimissal 17,6%
- Í búningsklefa/sturtu í leikfimi og annarsstaðar í skólanum 14,7%
- Í búningsklefa/sturtu í sundi 8,8%

### Hvernig birtist eineltið

**Hvernig einelti verða nemendur fyrir** (Hlutfall nemenda sem segja tvisvar eða þrisvar í mánuði, einu sinni í viku, oft í viku)

Eineltið sem nemendur verða helst fyrir er:

- Aðrir nemendur hafa **talað illa um** mig eða **logið** upp á mig og reynt að fá aðra til að líka illa við mig (15% H21 vs. 8,2% V21).
- Gert er **grín** að mér, ég er **uppnefndur** eða mér strítt á óþægilegan og meiðandi hátt (13,4% H21 vs. 11,3% V21).
- Aðrir nemendur **útiloka** mig viljandi, **halda** mér **fyrir utan** félagahópinn eða **hunsa** mig algjörlega (8,7% H21 vs. 6,3% V21).

### Stúlkur

Eineltið sem stúlkur verða fyrir hefur aukist á flestum þáttum sem spurt er um.

Þær verða helst fyrir:

- Aðrir nemendur hafa **talað illa um** mig eða **logið** upp á mig og reynt að fá aðra til að líka illa við mig (**14,6%**). Þessi þáttur hefur hækkað mest (var 6,4%) en flestar segja að það gerist tvisvar eða þrisvar í mánuði.
- Gert er **grín** að mér, ég er **uppnefndur** eða mér strítt á óþægilegan og meiðandi hátt (**12,2%**).
- Aðrir nemendur **útiloka** mig viljandi, **halda** mér **fyrir utan** félagahópinn eða **hunsa** mig algjörlega (**8,9%**).
- Ég hef orðið fyrir einelti með meiðandi orðum eða athugasemdum um húðlit minn eða erlendan uppruna (**6,5%**).

- Aðrir nemendur vilja ekki vera með mér svo að ég er **ein/einn í frímínútum** (4,9%).

## Piltar

Einelti sem strákar verða fyrir hefur aukist á öllum þáttum sem spurt er um.

Þeir verða helst fyrir:

- Aðrir nemendur hafa **talað illa um** mig eða **logið** upp á mig og reynt að fá aðra til að líka illa við mig (15,3%). Þessi þáttur hefur aukist mest var 9,7%.
- Gert er **grín** að mér, ég er **uppnefndur** eða mér strítt á óþægilegan og meiðandi hátt (14,5%).
- Aðrir nemendur **útiloka** mig viljandi, **halda** mér **fyrir utan** félagahópinn eða **hunsa** mig algjörlega (8,5%).
- Aðrir nemendur vilja ekki vera með mér svo að ég er **ein/einn í frímínútum** (6,1%).
- Mér hefur verið ógnað og ég var neydd/neyddur til að gera það sem ég vildi ekki gera (6,1%).
- Ég hef orðið fyrir öðruvísi einelti (4,7%), Ég hef orðið fyrir einelti með meiðandi orðum eða athugasemdum um húðlit minn eða erlendan uppruna (4,6%).

## Hverjir leggja hverja í einelti

Lang flestir nemendur verða fyrir einelti af hendi bekkjarfélaga. Síðan af nemendum úr sama árgangi og nokkrir af nemendum úr eldri árgangi og ýmsum bekkjum, oftast af einum strák eða mörgum strákum (hópur 2-3 nemenda).

Strákar leggja stráka í einelti en stelpur segja að aðallega sé það ein sem leggi þær í einelti en einnig einn eða margir strákar Árgangafélagar leggja helst stelpur í einelti.

**Hve oft óttast þú að verða lagður í einelti af samnemendum í skólanum þínum** (Samantekt: Fremur oft, oft, mjög oft%)

Ótti hjá stúlkum að verða lagðar í einelti er svipaður miðað við síðustu mælingu (9,1% H2021 vs 9,2% V2021 (15,7% H2019)). Ótti hjá strákunum hefur aukist frá síðustu mælingu (10,2% H2021 vs 7,6% V2021 (7,3 % H2019)).

## Viðhorf

Hve mikið finnst þér almennt séð að umsjónarkennarinn þinn hafi gert til að koma í veg fyrir einelti undanfarna mánuði? (töluvert, nokkuð mikið, mikið (%))

Stúlkur treysta umsjónarkennara betur en piltar og traustið hjá báðum hefur aukist. Stúlkur 69,7% H21 vs 59,3% V21, piltar 58,3% H21 vs 52,8% V21.

Nemendur bera meira traust til umsjónarkennara en starfsfólks almennt.

Hve oft reyna kennararnir eða aðrir fullorðnir í skólanum að gera eitthvað til að stöðva einelti gegn nemanda í skólanum (oft, næstum alltaf %). Stúlkur 41,8% H21 vs 47,1% V21, piltar 34,9% H21 vs 38,6% V21.

## Segja nemendur frá

**Fleiri nemendur segja einhverjum frá eineltinu** frá miðað við á síðasta ári en 22,7% nemenda segjast ekki hafa sagt neinum frá eineltinu miðað við að 35,7% nemenda sögðu það á síðasta skólaári.

Mun fleiri nemendur segja **einhverjum fullorðnum í skólanum** frá eineltinu eða 50% nemenda miðað við 14,3% á síðasta skólaári, 54,5 % nemenda hafa sagt **fullorðnum heima** frá, aðeins **færri segja vinum eða systkinum** frá 31,8%. Stelpur segja aðeins oftast fullorðnum í skóla frá og strákar fullorðnum heima.